



Tillaga að fjárhagsáætlun  
Fjarðabyggðar til fyrri umræðu í  
Bæjarstjórn Fjarðabyggðar 5.  
nóvember 2020

Snorri Styrkársson

# FJÁRHAGSÁÆTLUN FJARÐABYGGÐAR 2021 - 2024

## Innihald

1.	Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2021 til 2024.....	5
2.	Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021 – 2024.....	9
2.1.	Forsendur fjárhagsáætlunarinnar .....	9
2.2.	Fjárfestingaráætlun.....	12
2.3.	Lykiltölur fyrir árin 2021 – 2024.....	13
3.	Fjölskyldusvið .....	16
4.	Félagsþjónusta .....	16
4.1.	Almennt um félagsþjónustu.....	16
4.2.	Barnavernd .....	17
4.3.	Þjónusta við aldraðra .....	18
4.4.	Þjónusta við fatlað fólk og byggðasamlag .....	19
5.	Fræðslumál .....	20
5.1.	Leikskólar .....	22
5.2.	Grunnskólar .....	23
5.3.	Tónskólar .....	24
6.	Æskulýðs- og íþróttamál.....	25
6.1.	Félagsmiðstöðvar .....	26
6.2.	Íþróttamannvirki .....	26
6.3.	Styrkir og framlög til íþróttamála.....	26
7.1.	Menningarstofa Fjarðabyggðar.....	27
7.2.	Safnastofnun.....	27
7.3.	Félagsheimili og menningarhús .....	28
7.4.	Söguritun og menningararfur .....	28
7.5.	Styrkveitingar og framlög.....	29
8.	Brunamál og almannavarnir.....	30
8.1.	Slökkvilið Fjarðabyggðar .....	30
9.	Umhverfis- og skipulagssvið.....	33
9.1.	Skipulags- og byggingarmál.....	34
9.2.	Landbúnaðarmál, refa- og minkaeyðing .....	36
9.3.	Heilbrigðis- og dýraeftirlit .....	36
9.4.	Umhverfismál.....	36
10.	Framkvæmdasvið.....	37
10.1.	Veitur Fjarðabyggðar .....	37
11.	Stjórnsýsla og fjármál.....	39

11.1.	Almennt um stjórnslu- og þjónustusvið.....	39
11.2.	Stjórnslu, gæðamál og þjónusta .....	39
11.3.	Mannauðs- og kjaramál .....	39
11.4.	Upplýsingatæknimál og persónuvernd .....	40
11.5.	Upplýsinga- og kynningarmál.....	40
11.6.	Atvinnu- og þróunarmál.....	40
11.7.	Fjármálasvið.....	40
12.	Fjarðabyggðahafnir .....	41
12.1.	Almennt um Hafnarsjóð Fjarðabyggðar .....	43
12.2.	Hafnarþjónusta.....	43
13.	Rekstrarreikningur Fjarðabyggðar 2021.....	44
14.	Efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2021 .....	45
15.	Sjóðsstreymisyfirlit Fjarðabyggðar 2021 .....	47
16.	Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2021 .....	48
17.	Rekstrarreikningur A hluta Fjarðabyggðar 2021 – 2024 .....	52
18.	Efnahagsreikningur A hluta Fjarðabyggðar 2021 - 2024 .....	53
19.	Sjóðsstreymisyfirlit A hluta Fjarðabyggðar 2021 – 2024 .....	55
20.	Rekstrarreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2021 – 2024 .....	56
21.	Efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2021 – 2024 .....	57
22.	Sjóðsstreymisyfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2021 – 2024.....	59
23.	Málaflokkayfirlit 2021 .....	60
24.	Málaflokkayfirlit 2022 .....	61
25.	Málaflokkayfirlit 2023 .....	62
26.	Málaflokkayfirlit 2024 .....	63

# 1. Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2021 til 2024



Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2021, ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2022 – 2024, er hér með lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar.

Að venju samanstendur tillagan af tölulegri umfjöllun um annars vegar A-hluta bæjarsjóðs og hins vegar A- og B-hluta, ásamt greinargerð. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóðir, en í B-hluta eru veitustofnanir, hitaveita, vatnsveita og fráveita, auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða, hjúkrunarheimila og sorpstöðvar. Líkt og á síðasta ári er áætlunin sett fram sameinuð í eina fjárhagsáætlun, áætlun næsta árs þ.e. árið 2021 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2022 – 2024. Þá er einnig að finna ítarupplýsingar um rekstur Fjarðabyggðar.

Áætlunin ber merki þess að Covid-19 faraldurinn sem tekist hefur verið á við frá upphafi ársins 2020 hefur mikil efnahagsleg áhrif á umhverfið allt. Áætlað er að niðurstaða ársins 2020 verði sem nemur um 250 milljónum kr. lakari en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Skýrist það af því að bæjarstjórn Fjarðabyggðar tók ákvörðun um aukin rekstrarútgjöld og fjölgaði m.a. sumarstörfum sem viðspyrnu við efnahagslegu ástandi í þjóðfélaginu. Um 100 milljónum kr. var varið til fjölgunar starfa fyrir námsfólk og atvinnulausa sem nýttust mjög vel í ýmsum verkefnum hjá sveitarfélaginu. Þá var ýmis kostnaður sem féll til aukalega vegna Covid-19 aðgerða. Fara þurfti í ýmis kaup á búnaði til að halda úti óbreyttri starfsemi sveitarfélagsins þrátt fyrir takmarkanir, aukin kostnaður vegna þrifa og sótthreinsunar húsnæðis og aukin launakostnaður ásamt ýmsum fleiri aðgerðum sem nam allt að 50 milljónum kr. sem skýrir lakari afkomu A-hluta Fjarðabyggðar. Samhliða lækkuðu framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rúmar 100 milljónir kr. vegna minnkandi tekna sjóðsins.

Ófyrirséð er hversu alvarlegar afleiðingar Covid-19 mun hafa á efnahagsþróun ársins 2021 en reynt er að stíga varlega til jarðar í fjárhagsáætlun ársins 2021 fyrir Fjarðabyggð. Vænt útkoma ársins 2021 gerir ráð fyrir 4,1% hækkun útsvars sem er lægra en spá um almenna launaþróun sem vænst er að verði 5,6%. Þá er einnig gert ráð fyrir varfærinni nálgun í tekjum hafnarsjóðs en Fjarðabyggðarhafnir eru annar stærsti hafnarsjóður landsins og stærsta löndunarhöfn á uppsjávarafurðum hérlendis. Ekki er gert ráð fyrir loðnuveiðum á árinu 2021 í fjárhagsáætluninni vegna óvissu í mælingum á stofnstærð.

Í upphafi fjárhagsáætlunarvinnu ársins 2021 var gert ráð fyrir að tap yrði á rekstri A-hluta sveitarfélagsins sem næmi allt að 130 milljónum kr. en í vinnu við fjárhagsáætlunina hefur tekist að snúa þeirri spá við og er áætlað að rekstur A-hlutans skili nú um 10 milljónum afgangi. Engu að síður bíður bæjarstjórnar vinna við að halda áfram að greina rekstur sveitarfélagsins og leita leiða innan hans til að mæta fjárfestingum og greiðslu afborgana lána.. Gert er ráð fyrir að mæta fjárfestingum og afborgunum lána með 180 milljóna kr. lántöku árlega á næstu tveim árum og svo 100 milljónum á árinu 2023. Í þeim efnum þarf að horfa sérstaklega til að skoða nánar úthlutunarlíkan í fræðslumálum, fyrirkomulag stjórnunar í rekstri sveitarfélagsins og eignasafn þess með það fyrir augum að fækka og nýta betur eignir þess. Allt eru þetta leiðir sem vel þarf að rýna og ræða með það fyrir augum að halda áfram uppi góðu þjónustustigi í sveitarfélaginu fyrir íbúa þess. Gera má ráð fyrir frekari umræðu um þessar leiðir milli umræðna um fjárhagsáætlunina í bæjarstjórn en markmiðið er þó frekar að horfa til þess að búið verði að greina möguleika og útfærslu þeirra fyrir rammaúthlutun fjárhagsáætlunar ársins 2022 sem fram fer í maí á komandi ári. Mikilvægt er í öllu þessu ferli, eins og alltaf þegar rekstur er rýndur, að langtímamarkmið og hagsmunir séu skýrir.

Nú í árslok 2020 hefur bæjarstjórn tekið ákvörðun um að endurfjármagna að hluta langtímaskuldir sveitarfélagsins upp á um 700 milljónir kr. til að létta á greiðslubyrði lána næstu 3ja ára, ekki síst með efnahagslega óvissu næstu ára í huga. Var þessi ákvörðun tekin, eftir nána skoðun og umræður, ekki síst í ljósi breytinga á vaxtaumhverfi lána á markaði. Að undangengnu útboði Lánasjóðs Sveitarfélaga eru kjörin 1,4% útlánsvextir sem eru áður óþekkt kjör gagnvart sveitarfélögum. Kjör fyrri lána sem verið var að endurfjármagna voru í kringum 4%. Þrátt fyrir þessa breytingu mun afborgunarbyrði lána sveitarfélagsins lækka um 150 milljónir árið 2024 og eftirleiðis sem mun veita aukið svigrúm í rekstri þess.

Þrátt fyrir að leitað sé nú leiða til að létta rekstur sveitarfélagsins þá eru áætlun um fjárfestingar ársins 2021 nokkuð umfangsmikil. Er þar verið að bregðast við aukinni þörf í samfélaginu fyrir bættri íþróttaaðstöðu og stækkun leikskóla á Eskifirði. Þá er ekki síður horft til ákalls ríkisvaldsins um nauðsyn þess að opinberir aðilar dragi ekki úr fjárfestingu meðan óvissa er í efnahagslífinu. Ljúka á byggingu nýs íþróttahúss á Reyðarfirði á árinu 2020 sem gjörbreyta mun allri aðstöðu til íþróttaiðkunar sem tekur mið að fólksfjölgun. Er sú framkvæmd tengd sölu Rafveitu Reyðarfjarðar til RARIK og Orkusölnunnar á árinu 2020 en bæjarstjórn samþykkti að ágóði af þeirri sölu yrði nýttur til þessara uppbyggingar. Samhliða byggingu íþróttahússins verður farið í fjárfestingu í sundlaug Reyðarfjarðar þannig að hún nýtist grunnskólanum til sundkennslu. Jafnframt verður farið í lokahönnun og gerð útboðsgagna vegna stækkunar leikskólans Dalborgar á Eskifirði og hefja þar framkvæmdir í framhaldi. Þörf er fyrir stækkun leikskólans ásamt því að nauðsynlegt er að fara í gagngerar endurbætur á starfsmannaaðstöðu eldri byggingar. Þá er einnig gert ráð fyrir fjárfestingu í Félagslundi á Reyðarfirði með flutning félagsmiðstöðvar þangað í huga ásamt sameiginlegum notum sem salur fyrir Leikskólann Lyngholt og er það í samræmi við stefnu bæjarstjórnar um betri nýtingu húsnæðis sveitarfélagsins um leið og félagsheimilin fá hlutverk að nýju. Einnig er gert ráð fyrir fjárfestingu í nýju skjalasafni fyrir sveitarfélagið í Lúðvíkshúsi en í dag eru skjalasafn þess geymt á nokkrum stöðum við óásættanlegar aðstæður og er það sömuleiðis í samræmi við áætlun um betri nýtingu húsnæðis. Áfram verður haldið með ofanflóðavarnir í sveitarfélaginu en áætlað er að ljúka gerð þriðja varnargarðsins á Norðfirði á árinu 2021 ásamt því að framkvæmdir verða í fullum gangi við Lambeyrará. Hefur sveitarfélagið ýtt mjög á að haldið verði svo áfram í gerð fjórða og síðasta varnargarðsins á Norðfirði og ofanflóðavarna í Grjótá á Eskifirði í framhaldi þannig að vörnum gegn ofanflóðum verði lokið í sveitarfélaginu á næstu árum. Er þannig gert ráð fyrir fjárfestingum í A-hluta uppá 585 milljónir.

Fjárfestingar í hafnarsjóði eru sömuleiðis töluverðar og er þar stærst áframhald uppbyggingu hafnaraðstöðu við nýtt fiskiðjuver og frystigeymslu Eskju á Eskifirði upp á 330 milljónir. Öflugur

sjávarútvegur í sveitarfélaginu er einn af máttarstólpum atvinnulífsins og hefur hafnarsjóður fjárfest mikið í aðstöðu vegna starfsemi sinnar á síðustu árum til að bregðast við þörf þar um. Heildarfjárfestingar hafnarsjóðs eru áætlaðar um 450 milljónir á árinu 2021.

Eins og verið hefur undanfarin ár er með fjárhagsáætluninni áfram lögð áhersla á velferð fjölskyldufólks í Fjarðabyggð. Við gerð fjárhagsáætlunar 2021 munu flestar gjaldskrár hækka undir áætluðum verðlagsbreytingum og launahækkunum samkvæmt kjarasamningum eða um 2,4%. Gjaldskrár leikskóla, frístundaheimila og tónlistarskóla standast vel samanburð við önnur sveitarfélög þ.m.t. systkinaafsláttur sem og afsláttarkjör milli frístundaheimila og leikskóla. Systkinaafsláttur leikskóla- og frístundagjalda ásamt tónlistarskólajöldum er með því hagstæðasta sem gerist á landinu. Þá verður áframhald á lækkun skólamáltíða í Fjarðabyggð en máltíðin kostaði 450 kr. árið 2018 og kostar í dag 150 kr. En markmiðið er að þær verði gjaldfrjálsar frá haustinu 2021. Með þessu er áfram lögð áhersla á velferð fjölskyldufólks í Fjarðabyggð.

Verið er að innleiða Sprett, sem er þverfaglegt teymi sérfræðinga, þar sem aðferðir Austurlandslíkansins eru hafðar að leiðarljósi og með því eftt stöðkerfi fjölskyldusviðs með snemmtæka íhlutun að markmiði þannig að betra umhald verði um þá sem þurfa á aðstoð að halda og kostnaður minnki til framtíðar litið. Bæjarstjórn var einnig búinn að samþykkja að fara í verkefni með Janus Heilsueflingu til að efla lýðheilsu eldri borgara í sveitarfélaginu á árinu 2020 en takmarkanir vegna Covid-19 hafa tafið að það verkefni hafi komist á stað. Er stefnan nú sett á árið 2021 með von um að sóttvarnartakmarkanir verði þannig að slíkt verði mögulegt.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið samstæðu A og B hluta mun breytast á árinu 2021 til hækkunar. Bæði vegna aukinnar lántöku en ekki síst vegna breytinga á tekjumódeli sveitarfélagsins. Gætir þar áhrifa vegna sölu Rafveitu Reyðarfjarðar og vegna uppsagnar sveitarfélagsins á samningi um rekstur hjúkrunarheimilanna sem taka á gildi þann 1.apríl 2021. Sveitarfélagið hefur á liðnum árum þurft að leggja hjúkrunarheimilunum til fé vegna tapreksturs þeirra árlega, um 70 milljónir á árinu 2020. Hefur ítrekað verið reynt að ræða þessa óásættanlegu stöðu við ríkisvaldið en hvorki gengið né rekið þannig að bæjarstjórn tók ákvörðun á haustdögum 2020 að segja umræddum samningi upp. Við sölu Rafveitunnar og brotthvarf hjúkrunarheimilanna hverfa um 800 milljónar kr. tekjur á ári úr rekstri sveitarfélagsins sem meðal annars hafa þessi áhrif á skuldahlutfall og skuldaviðmið. Skuldahlutfall A og B-hluta verður því um 120% á árinu 2021 og skuldviðmið A og B-hluta um 88%. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum en vegna óvissu í efnahagshorfum hefur ríkisvaldið aftengt það viðmið næstu tvö ár. Engu að síður er Fjarðabyggð vel innan þess viðmiðs óháð þeirri ákvörðun.

Á undanförunum árum hefur aukinn metnaður og áþreifanlegur árangur náðst í fegrun bæjarkjarnanna. Gert er ráð fyrir að verkefnum við hreinsun og fegrun bæjarkjarnanna verði áframhaldið á árinu 2021. Flokkun og endurvinnsla úrgangs skipar sífellt stærri sess í rekstri sveitarfélagsins og nauðsynlegt að sem minnst fari til urðunar til framtíðar með umhverfið í huga. Verið er að vinna að útfærslum á málaflokknum hjá sveitarfélaginu þar sem samningur þar um er úti og mun umhald hans skýrast á næstunni. Er haft þar að leiðarljósi betri nýting þess fjármagns sem til hans fer ásamt gæðum þjónustu. Þá er verið að vinna að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið sem stefnt er að samþætta inn í rekstur þess og þjónustu til framtíðar.

Eins og komið hefur í ljós laða sterkir innviðir sveitarfélagsins að sér áhuga fjárfesta. Hefur þessi áhugi einkum beinst að atvinnuuppbyggingu í hafnsækinni starfsemi. Þetta má m.a. sjá á áhuga fyrirtækja í fiskeldi á að koma starfsemi sinni fyrir í fjörðum Fjarðabyggðar sem gera má ráð fyrir að aukist á komandi árum. Slíkt er mjög mikilvægt og gera má ráð fyrir að fiskeldi verði ein stöðin enn undir öflugt atvinnulíf í sveitarfélaginu ásamt sjávarútvegi, álveri, iðnaði og ýmissi þjónustu sem er í sveitarfélaginu.

Fjarðabyggð hefur á liðnum árum leitt saman fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi til að undirbúa og koma á fót háskólaútibúi sem mikil þörf er á. Kominn er nú á samningur milli SSA og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um áframhald verkefnisins og mun sveitarfélagið vinna að málinu af krafti áfram með það að markmiði að slíkt útibú verði að veruleika sem fyrst. Þá er áfram horft til uppbyggingar í ferðaþjónustu í samræmi við ferðamálastefnu sem sett var á árinu eftir að Covid-19 faraldurinn hefur sleppt tókum á samfélaginu sem gert hefur þeirri atvinnugrein erfitt fyrir. Slíkur áhugi sýnir sterka stöðu sveitarfélagsins til framtíðar litið, sem endurspeglast í þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram þrátt fyrir að utanaðkomandi aðstæður séu erfiðar.

Eins og áður segir, verður aðhald í rekstri sveitarfélagsins viðvarandi á næstu árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra. Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram, er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021 – 2024



Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2021 til 2024. Útgönguspá ársins 2020 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun nokkurra lykilstærða s.s. skatttekjum, nýrri þjóðhagsspá, fjárfestingum og rekstrarkostnaði.

### 2.1. Forsendur fjárhagsáætlunarinnar

#### **Verðlagsforsendur:**

Tekið er mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að hausti 2020, um að almenn verðlagsbreyting verði 2,7% á milli árána 2020 og 2021 en almenn nafnverðshækkun launa verði um 5,6% á milli sömu ára.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022 – 2024 er stuðst við sömu spá um þróun verðlags milli hvers árs, en áhrifin einungis reiknuð á fjármagnsliði. Spá þjóðhagsstofnunar er um 2,6% hækkun verðlags milli árána 2021 og 2022 og síðan 2,5% hækkun verðlags milli ára eftir það. Þriggja ára áætlunin byggir því á magnbreytingum. Gert er ráð fyrir föstu verðlagi á öðrum þáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði, afskriftir eru reiknaðar m.v. þróun eigna og fjárfestinga.

#### **Skatttekjur:**

Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 5.289 milljónum króna. Skatttekjur samanstanda af útsvari, staðgreiðslu, framlögum Jöfnunarsjóðs, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar verður vikið að einstökum liðum skatttekna hér að neðan.

#### *Útsvar:*

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,52%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri, fjárfestingum og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að laun í Fjarðabyggð hækki í samræmi við almenna launaþróun eða um 5,6% frá árinu 2020 en stofn til staðgreiðslu hækki um 4,1%. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski á Íslandi, sveiflur í veiðum, sölu eða verðum hafa því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Gert er ráð fyrir að veiðiheimildir í uppsjávarfiski haldist í heild lítt breyttar milli ára. Mat á spá fyrir hafnargjöldum og



útsvarstekjum er varfærin og breytingin frá væntri útkomu ársins 2020 því minni en almenn launapróun gerir ráð fyrir.

Ekki er reiknað með eftir á álagningu útsvars vegna ársins 2020, í útsvarstekjum ársins 2021. Eftirá álagning nam um 99 milljónum króna á árinu 2020.

#### *Fasteignaskattar og lóðaleiga:*

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að álagningarhlutföll fasteignaskatts og lóðaleigu á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði verði óbreytt á árinu 2021 frá árinu 2020 frá því sem hún var hjá Fjarðabyggð.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðaleigu er byggt á útgefnu fasteigna- og lóðamati frá Þjóðskrá Íslands sem gildir fyrir árið 2021. Samkvæmt útgefnu mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnæðis um 3,9%, en matsstofn lóðaleigu hækkar **um sömu** 3,8%. Matsstofn atvinnuhúsnæðis hækkar um 2,1% og matsstofn lóðaleigu atvinnuhúsnæðis um tæp 2,2%. Gert er ráð fyrir óbreyttum álagningarhlutföllum á árinu 2021 í Fjarðabyggð. Samtals er breyting fasteignaskatts um 2,8% og lóðaleigu um 2,7%, vegna breytinga á fasteignamatsstofni.

- álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði óbreytt 0,50%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verður óbreytt eða 1,32%.
- álagningarhlutfall lóðaleigu íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 0,70%.
- álagningarhlutfall lóðaleigu atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 3%.

Breyting á matsstofni mun auka fasteignaskattstekjur og lóðaleigu um rúmar 17 milljónir króna frá árinu 2020 eða um 2,8%. Áætlað er að hækka veittan afslátt til elli- og örorkuþega af fasteignaskatti á árinu 2021 í samræmi við verðlagsþróun og að afslátturinn nemi tæpum 16 milljónum króna. Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 11 milljónir króna á milli ára sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

#### *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:*

Gert er ráð fyrir að framlög frá Jöfnunarsjóði á árinu 2021 verði í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins fyrir árið 2021 og nemi samtals 1.127 milljónum króna á árinu, að meðtöldu 135 milljón króna framlagi vegna málefna fatlaðs fólks. Framlög Jöfnunarsjóð eru almennt haldin mikilli óvissu og því erfitt að áætla þau.

Vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps á árinu 2018 var gert samkomulag við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um sérstök sameiningarframlög. Framlög þessi og greiðslur þeirra eru háð framvindu verkefna eða ráðstöfun framlaganna. Hér má sjá upphaflegt samkomulag um sérstök sameiningarframlög og dreifingu þeirra.

<b>Framlög/verkefni</b>	<b>Heild:</b>	<b>Skipting framlaga</b>	Greiðsluár <b>2018</b>	Greiðsluár <b>2019</b>	Greiðsluár <b>2020</b>	Greiðsluár <b>2021</b>	Greiðsluár <b>2022</b>
Próunar-/endurskipulagningar	157.000.000						
Skuldajöfnun	457.000.000						
Til stjórnsýslubreytingar		<b>32.000.000</b>	16.000.000	16.000.000			
Til greiðslu skulda		<b>283.000.000</b>	100.000.000	80.000.000	34.333.333	34.333.333	34.333.333
Til innviða í Breiðdal		<b>299.000.000</b>	104.250.000	86.176.000	36.191.333	36.191.333	36.191.333
<b>Samtals:</b>	<b>614.000.000</b>	<b>614.000.000</b>	<b>220.250.000</b>	<b>182.176.000</b>	<b>70.524.667</b>	<b>70.524.667</b>	<b>70.524.667</b>

#### **Aðrar fasteignatengdar tekjur:**

##### *Vatnsgjald:*

Vatnsgjald verður óbreytt milli ára eða 0,294% af fasteignamatstofni. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 163 milljónir króna og hækkar gjaldið um rúmar 5 milljónir í krónum talið vegna breytingar á fasteignamatstofni, eða um 3,3%.

#### *Fráveitugjald:*

Fráveitugjald lækkaði um 10% í ársbyrjun 2020 og verður óbreytt eða 0,275% af fasteignamatstofni. Tekjur af fráveitugjaldi eru áætlaðar um 149 milljónir króna og hækka um tæpar 5 milljónir í krónum talið vegna breytingar á fasteignamatstofni, eða um 3,5%.

#### *Sorphreinsunar- og sorpförgunargjald:*

Áætlað er að sorphreinsunar- og sorpförgunargjald hækki um 2,4% á árinu 2021. Gjald fyrir sorphreinsun verður 31.136 kr. og 14.777 kr. fyrir sorpförgun. Hækkun tekna er áætluð um 2,2 milljónir króna.

### **Gjaldskrár**

Fjárhagsáætlunin byggir á að almenn hækkun gjalda og þjónustutekna Fjarðabyggð verði 2,4% á árinu 2021. Spá um verðlagsþróun milli ára gerir ráð fyrir um 2,7% hækkun samkvæmt þjóðhagsspa og almenn launabreyting nemi 5,6% á árinu 2021 frá árinu 2020. Nokkrar gjaldskrár Fjarðabyggðar eru bundnar vísitölu. Það er markmið sveitarfélagsins að standast samanburð við önnur sveitarfélög þegar kemur að gjaldskrár vegna þjónustu sveitarfélagsins. Skólamáltíðir í grunnskólum og leikskólum verða gjaldfrjálssar frá og með skólaárinu sem hefst haustið 2021.

### **Laun og launatengd gjöld:**

Launaáætlun ársins 2021 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga en metin kostnaðaráhrif á aðra samninga. Laun og launatengd gjöld eru áætluð um 4.501 milljónir króna hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2021, að meðtalinni hækkun lífeyrisskuldbindinga.

### **Almennir rekstrarliðir:**

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A og B hluta, utan afskrifta, nemi samtals 2.244 milljónum króna á árinu 2021. Gert er ráð fyrir framlagi úr A hluta til félagslegra íbúða að fjárhæð 39 milljónir vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs húsnæðis og 19 milljónir vegna fjárvöntunar í rekstri hjúkrunarheimila.

### **Afskriftir:**

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.

### **Fjármagnsliðir:**

Verðbólga er áætluð 2,7% á milli árana 2020 og 2021 og síðan er gert ráð fyrir 2,6% verðlagshækkun fjármagnsliða árið 2022 og 2,5% árin 2023 og 2024, í samræmi við þjóðhagsspa Hagstofu Íslands haustið 2020. Fjarðabyggð skuldar ekki lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum. Langtímalán innan samstæðu, þ.e. á milli A og B hluta, eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir. Vaxtakostnaður í áætluninni miðast við núverandi vaxtakjör á skuldbindingum.

### **Lántaka:**

Til að fjármagna hluta af fjárfestingum Fjarðabyggðar á komandi árum, bæði í A og B hluta, er gert ráð fyrir að taka langtímalán sem hér segir en fjárhæðir eru í þúsundum króna:

	Spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Lántaka til fjárfestinga.....	700.000	180.000	170.000	100.000	0
Lántaka til skuldbreytingar.....	700.000	0	0	0	0
Lántaka hjá Ofanflóðasjóði.....	25.000	30.000	30.000	30.000	20.000
Samtals lántaka	1.425.000	210.000	200.000	130.000	20.000

Lántaka hjá Ofanflóðasjóði tengist framkvæmdum við ofanflóðavarnir og er sú lántaka Fjarðabyggð mjög hagstæð.

## 2.2. Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2021 nema samtals 1.076 milljónum króna í A hluta og B hluta. Heildarfjárfesting næstu fjögurra ára er áætluð tæpir 3,4 milljarðar króna.

	Fjárfesting 2021	Fjárfesting 2022	Fjárfesting 2023	Fjárfesting 2024
<b>A hluti:</b>				
<b>Fasteignir og önnur mannvirki</b>				
Íþróttahús á Reyðarfirði.....	320.000	0	0	0
Fjarðabyggðahöll, einangrun og klæðning.....	0	0	110.000	110.000
Sundlaug Reyðarfirði, endurbætur.....	17.000	0	0	0
Nesskóli, lóð, klæðning ofl.....	5.000	0	0	0
Lúðvíkshús, skjalasafn.....	25.000	0	0	0
Félagslundur, endurbætur.....	15.000	15.000	15.000	15.000
Leikskólinn Dalborg, stækkun og breytingar.....	80.000	185.000	0	0
Snjóflóðavarnir í Neskaupstað.....	20.000	5.000	20.000	20.000
Ofanflóðavarnir á Eskifirði.....	15.000	15.000	15.000	15.000
Tækjamiðstöðin.....	33.500	27.000	28.000	30.000
	530.500	247.000	188.000	190.000
Gatnaframkvæmdir óstaðsettar.....	55.000	55.000	55.000	55.000
Hjóla- og göngustígar.....	15.000	15.000	15.000	15.000
Leiksvæði.....	10.000	15.000	15.000	15.000
Götulýsing, endurnýjun og LED væðing.....	5.000	5.000	5.000	5.000
Nesgata Neskaupstað, gangstétt og frágangur.....	0	0	0	0
Gatnagerðargjöld.....	( 30.000 )	( 30.000 )	( 30.000 )	( 30.000 )
	55.000	60.000	60.000	60.000
A hluti samtals.....	585.500	307.000	248.000	250.000
<b>B hluti:</b>				
<b>Hafnarsjóður</b>				
Norðfjarðarhöfn.....	15.000	0	0	0
Eskifjarðarhöfn.....	330.000	200.000	120.000	290.000
Mjóeyrarhöfn.....	0	100.000	300.000	120.000

Mjóafjarðarhöfn.....	0	15.000	0	0
Tæki.....	10.000	10.000	10.000	10.000
Grjótvarnir og ófyrirséð.....	30.000	30.000	30.000	30.000
Dráttarbátur, þarfagreining.....	5.000	0	0	0
Þjónustumiðstöðvar.....	60.000	100.000	0	0
Hafnarsjóður samtals.....	450.000	455.000	460.000	450.000

#### Veitur og önnur fyrirtæki

Hitaveita Fjarðabyggðar.....	10.000	10.000	10.000	10.000
Fráveita.....	0	0	25.000	25.000
Vatnsveita.....	25.000	40.000	25.000	25.000
Félagslegar íbúðir.....	0	0	0	0
Sorpmiðstöð.....	5.500	4.500	4.500	4.500
Hjúkrunarheimili.....	0	0	0	0
Veitur og önnur fyrirtæki samtals.....	40.500	54.500	64.500	64.500

Samtals A og B hluti.....	1.076.000	816.500	772.500	764.500
---------------------------	-----------	---------	---------	---------

Allar tölur í þúsundum króna. Árin 2022 - 2024 er stefnumörkun um fjárfestingar en ekki ákvörðun.

## 2.3. Lykiltölur fyrir árin 2021 – 2024

Hér að neðan er tafla sem lýsir afkomutölum og reiknuðum stærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árin 2021 til 2024, bæði fyrir A hluta og samstæðu, í samanburði við ársreikning Fjarðabyggðar fyrir árin 2018 og 2019 og vænta útkomuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2020.

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir							
A hluti:	Ársreikn. 2018	Ársreikn. 2019	Útgöngu- spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstramiðurstaða .....	203.007	66.552	347.626	10.895	30.234	38.317	49.519
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	12,4%	10,4%	5,4%	8,2%	8,5%	8,6%	8,6%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum...	13,2%	10,0%	9,9%	10,1%	10,3%	10,4%	10,4%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb....	2,3	1,7	0,8	1,6	1,6	1,7	2,4
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum....	4,1%	1,9%	9,4%	1,9%	2,0%	1,2%	0,2%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum....	5,0%	9,1%	4,9%	6,0%	3,1%	2,5%	2,6%
Endurgreiðslutími skulda.....	26	25	12	25	25	25	35
Veltufjárlutfall.....	0,3	0,3	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
A + B hluti:	Ársreikn. 2018	Ársreikn. 2019	Útgöngu- spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstramiðurstaða .....	738.911	579.554	640.922	343.340	375.053	397.280	414.446
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	19,9%	17,3%	17,5%	14,9%	15,4%	15,5%	15,5%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum...	20,1%	16,4%	15,0%	17,0%	17,5%	17,8%	17,8%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb....	3,2	2,4	1,0	2,5	2,5	2,5	3,5
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum....	4,3%	1,8%	14,4%	1,9%	2,2%	1,3%	0,2%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum....	8,2%	15,4%	12,5%	11,4%	8,8%	8,6%	8,7%
Endurgreiðslutími skulda.....	18	16	8	18	17	16	22
Veltufjárlutfall.....	0,8	0,6	0,8	0,8	0,8	1,0	1,0

Háar afborganir af langtímalánum skýra að mestu að veltufjárhlutfall Fjarðabyggðar er áætlað um 0,8 í árslok 2020 – 2023 en árið 2024 lækka afborganir langtímalána og þar með hækka veltufjárhlutfallið.

Eitt skilyrða sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði hefur Fjarðabyggð náð og mun halda.

Framlegð af tekjum samkvæmt þessari fjárhagsáætlun munu lækka frá um 17,3% árið 2019, niður í um 15% á áætlunartímanum.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum er áætlað 2019 um 16% en lækkar síðan í um 17% - 18% árin 2021 – 2024.


Fjárfestingar sem hlutfall af skuldum verða um 12,5% árið 2020 en lækkar síðan niður í um 8 - 9% af skuldum árin 2022 – 2024. Meðalendurgreiðslutími skulda, þ.e. afborganir deilt með heildarskuldum í lok árs, hækka í um 22 ár árið 2024.

#### Skuldahlutfall:

Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta hækka á árinu 2021 frá fyrra ári samkvæmt útgönguspá, en lækkar úr um 127% á árinu 2017 niður í um 113% árið 2024. Nánar má sjá þróun skuldahlutfalls í töflu og á mynd hér að neðan. Skuldahlutfallið er bæði að hækka vegna aukinnar lántöku á árinu 2020, en einnig vegna tekjulækkunar í tengslum við sölu Rafveitu Reyðarfjarðar og yfirfærslu á rekstri Hjúkrunarheimila til ríkisins.

	2017	2018	2019	2020*	2021*	2022*	2023*	2024*
Skuldahlutfall A+B hluta	126,6%	115,0%	110,3%	111,2%	119,1%	119,2%	115,9%	113,1%
Skuldahlutfall A hluta	157,7%	147,6%	145,4%	154,8%	155,4%	156,3%	155,9%	156,1%

\* Samkvæmt áætlun




### Skuldaviðmið:

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum.

Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið samstæðu A og B hluta, eins og það er skilgreint í sveitarstjórnarlögum og í reglugerð nr. 502/2012, lækki frá um 101% í árslok 2017 í um 63% í árslok 2024. Skuldahlutfallið er bæði að breytast frá fyrri áætlunum vegna aukinnar lántöku á árinu 2020, en einnig gætir áhrifa tekjulækkunar vegna sölu Rafveitu Reyðarfjarðar og yfirfærslu á rekstri Hjúkrunarheimila til ríkisins

	2017	2018	2019	2020*	2021*	2022*	2023*	2023*
Skuldaviðmið A+B hluta	101,2%	84,2%	85,2%	84,8%	88,8%	88,5%	85,1%	82,5%
Skuldaviðmið A hluta	125,4%	110,2%	114,4%	119,2%	117,5%	117,7%	116,0%	116,5%
Hámark skuldaviðmiðs	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%

\* Samkvæmt áætlun



### 3. Fjölskyldusvið



Stjórnskipulagi fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar var breytt árið 2019. Fjölskyldusviðið er nú sameinað undir einum sviðstjóra. Við breytingarnar urðu til fjórir málaflokkar innan fjölskyldusviðs, þ.e. félags- og öldrunarteymi, barnaverndar- og fjölskylduráðgjafarteymi, fræðsluteymi og tómstunda og íþróttateymi.

Markmið alls starfs fjölskyldusviðs er að Fjarðabyggð verði enn betri staður fyrir allar fjölskyldur. Fjölskyldusvið mun vinna skipulega að samhæfingu starfseminnar með fjölbreyttum úrræðum í þjónustu við skóla og íþróttastofnanir, auk menningartengdrar fræðslu. Á árinu 2020 hefur fjölskyldusvið unnið að innleiðingu forvarnarteymis í leik- og grunnskólum í anda Austurlandslíkansins. Starfið hefur farið vel af stað og koma allir málaflokkar sviðsins að skipulagi, innleiðingu og starfi innan teymisins með öðrum hlutaðeigandi aðilum. Hugmyndafræði þessa forvarnarteymis er einnig að þetta frekar samstarf við aðrar þjónustustofnanir og einstaklinga sem koma að málefnum barna og fjölskyldna og er Skólaskrifstofa Austurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, skólastjórnendur og leik- og grunnskólakennarar virkir þátttakendur í innleiðingu og starfi teymisins.

Rekstur skíðasvæðisins í Oddskarði verður í höndum fjölskyldusviðs árið 2021 og einnig mun sviðið í samvinnu við Menningarstofu, sjá um rekstur nýs hús tómstunda og menningar í Egilsbúð fyrir alla aldurshópa.

### 4. Félagsþjónusta

#### 4.1. Almennt um félagsþjónustu

Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpars eins og kveðið er á um í lögum nr. 40/1991.


Hlutverk félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúanna. Leitast er við að tryggja íbúum félagslegt öryggi með heildstæðri félagslegri þjónustu. Með skipulagðri félagsþjónustu er lögð áhersla á að réttur íbúa sé alltaf ljós og einstaklingum sé ekki mismunað.

Verkefni félagsþjónustunnar eru útlistuð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum viðeigandi lögum. Hægt er að skipta helstu verkefnum upp í eftirtalda yfirflokkar: Fjárhagsaðstoð, félagslega

heimþjónustu eða stuðningsþjónustu, málefni barna og ungmenna, stuðningsfjölskyldur fyrir börn, málefni innflytjenda, jafnréttismál, þjónustu við unglinga, þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlað fólk og öryrkja, húsnæðismál, forvarnir þ. á m. vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda, ásamt öðrum stuðningsúrræðum.

Fjarðabyggð rekur byggðasamlag um málefni fatlaðra með öðrum sveitarfélögum á Austurlandi sem stýrt er af Skólaskrifstofu Austurlands.

Félagsmálastjóri er fagstjóri teymis félags- öldrunar- og fötlunarmála. Innan félagsþjónustunnar starfa ásamt félagsmálastjóra ráðgjafar í félags og fötlunarmálum, fjölskyldufræðingur og ráðgjafi í áfengis og fíkniefnameðferð og forvörnum, ásamt sérfræðingi í fötlunarmálum og forstöðumanni stoðþjónustu sem sér um þjónustu og mat á þjónustubörf á heimilum og í nærumhverfi. Verkefnastjóri Skólaskrifstofu Austurlands starfar með teyminu.



Árið 2021 er gert ráð fyrir að stöðugildi starfsmanna sem þjónusta einstaklinga í heimahúsum á grundvelli félagþjónustulaga verði 7.8 en stöðugildi á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk verði 11.6.

## 4.2. Barnavernd

Starfsmenn fjölskyldusviðs, í umboði barnaverndarnefndar, bera ábyrgð á málefnum barnaverndar skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Starfsmenn barnaverndar starfa í umboði nefndarinnar og taka á móti barnaverndartilkynningum, sjá um kannanir barnaverndarmála og meðferð þeirra. Auk þess sinna starfsmenn barnaverndar umsagnarmálum, m.a. vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar, stuðningsfjölskyldur og gefa umsagnir um umsóknir um leyfi til að ættleiða börn. Þá koma starfsmenn barnaverndar einnig að Spretti, nýju þverfaglegu teymi sem starfar í nánú samstarfi við aðra fagaðila sem tengdir eru málefnum barna.

Starfsmenn barnaverndar sinna framangreindum málum f.h. barnaverndarnefndar, með vísan til reglna nefndarinnar um framsal valds til starfsmanna skv. 14. gr. barnaverndarlaga. Barnavernd heldur vikulega meðferðarfundum þar sem afstaða er tekin til barnaverndartilkynninga, barnaverndarmálum er úthlutað




og ákvarðanir eru teknar varðandi vinnslu þeirra. Í barnavernd starfa í dag, auk stjórnanda, þrír starfsmenn.

Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar ber að hafa til umráða úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 652/2004. Í því felst m.a. að til staðar séu heimili sem geta veitt börnum móttöku í bráðatilvikum skv. 84. gr. barnaverndarlaga, stuðningsfjölskyldur, tilsjónaraðilar og persónulegir ráðgjafar. Mismunandi er á hverjum tíma hversu margir sinna framangreindri vinnu fyrir sveitarfélagið.

Starfsmenn barnaverndar sitja í nemendaverndarráðum grunn-, leik- og framhaldsskóla Fjarðabyggðar. Reglulega eru haldnir fræðslu- og kynnisfundir fyrir starfsfólk skólanna um feril og gang barnaverndarmála. Barnavernd á einnig gott samstarf við lögreglu, heilsugæslu og aðra fagaðila.

Hægt er að ná í starfsmenn barnaverndar allan sólarhringinn vegna neyðartilvika í gegnum 112 og lögreglu.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar Fjarðabyggðar hefur meira en þrefaldast frá árinu 2015 líkt og sjá má í töflunni hér að neðan. Þá má einnig sjá að fjöldi þeirra barna sem tilkynningarnar varða, hefur margfaldast á sama tíma.



(Fyrir 2020 eru tölur fyrstu 9 mánuði ársins framreiknaðar út árið)

### 4.3. Þjónusta við aldraða

Forstöðumaður stuðningsþjónustu hefur umsjón með þjónustu við eldri borgara og ber ábyrgð á daglegri stjórnun, skipulagningu og framkvæmd allrar almennrar stuðningsþjónustu við alla aldurshópa sem þurfa á stuðningi að halda í leik, starfi og til að geta dvalið sem lengst á heimilum sínum. Einnig hefur forstöðumaður umsjón með félagsstarfi aldraða og úthlutun þjónustu íbúða fyrir aldraða.

Markmið þjónustu við aldraða er að aldraðir geti eins lengi og unnt er, búið á heimilum sínum og að þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem hentar þörfum hvers og eins. Þess er gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Eftirfarandi stuðningsþjónusta fyrir aldraða er veitt af fjölskyldusviði: heimaþjónusta og liðveisla (innan heimilis og í nærumhverfi), félagsráðgjöf, heimsending matar, aksturþjónusta, dagþjálfun aldraðra í Breiðdal, þjónustuíbúðir fyrir aldraða í Neskaupstað og margvíslegur stuðningur við félags- og tómstundastarf aldraðra.

Þjónusta er veitt gegn samþykktum umsóknum og samkvæmt viðeigandi reglum Fjarðabyggðar.

Fjölskyldusvið hefur undanfarin ár tekið þátt í norðurslóðaverkefninu Place-ee, þar sem áhersla er lögð á virkni eldra fólks á strjálbýlum svæðum með það að markmiði að koma í veg fyrir félagslega einangrun, ásamt því að brúa kynslóðabil og varðveita menningararf eldri kynslóða. Þátttakendur Fjarðabyggðar eru íbúar þjónustuíbúða aldraðra í Neskaupstað. Formleg lok verkefnisins verða í árslok 2020.

Fjarðabyggð rekur tvö hjúkrunarheimili með um fjörutíu hjúkrunarrýmum; Hulduhlíð á Eskifirði og Uppsali á Fáskrúðsfirði. Rekstur þeirra hefur gengið erfiðlega og hefur Fjarðabyggð sagt upp þjónustusamningi sínum við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur þeirra og munu samningarnir renna út í lok mars 2021. Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri hjúkrunarheimila frá aprílmánuði árið 2021.

#### 4.4. Þjónusta við fatlað fólk og byggðasamlag

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fullgiltur var á Íslandi árið 2016 er leiðarljós Fjarðabyggðar í þjónustu við fatlað fólk.

Markmið þjónustu við fatlað fólk er að það eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.

Þjónusta Fjarðabyggðar við fatlað fólk er veitt af sveitarfélaginu sjálfu, en einni í gegnum byggðasamlag um málefni fatlaðra á vegum allra sveitarfélaga á Austurlandi og annast Skólaskrifstofa Austurlands rekstur byggðasamlagsins. Helstu þættir í þjónustu vegna málefna fatlaðra á vegum Fjarðabyggðar eru stuðningsþjónusta innan og utan heimilis, heimaþjónusta, búsetukjarni, búsetuþjónusta, skammtímaþjónusta fyrir fullorðna í Neskaupstað, stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og akstursþjónusta.

Á árinu 2021 stendur til að bjóða upp á skammtímaþjónustu (ekki yfir nótt) fyrir fötluð börn í Egilsbúð ásamt virkni- og tómstundaúrræðum fyrir fatlað fólk.

## 5. Fræðslumál



Undir fræðslumál falla málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Leikskólarnir eru fjórir en auk þess eru tvær leikskóladeildir í Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla, í sitt hvorum byggðarkjarnanum. Skólarnir bjóða upp á nám fyrir 1 – 5 ára nemendur. Samtals er gert ráð fyrir um 350 nemendum í leikskólunum þegar mest er. Í leikskólunum munu starfa 111 starfsmenn í u.þ.b. 96 stöðugildum.


Grunnskólarnir eru fimm og þeir bjóða upp á nám fyrir 6 - 16 ára nemendur og einnig frístund fyrir 6 - 9 ára nemendur. Alls er gert ráð fyrir 700 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar á vorönn og 720 nemendum á haustönn á árinu 2021. Á frístundaheimilum er gert ráð fyrir rúmlega 190 nemendum. Í grunnskólum og frístundaheimilum munu starfa 168 starfsmenn í um 140 stöðugildum.

Tónlistarskólarnir eru þrír í Fjarðabyggð og þjóna öllum íbúum Fjarðabyggðar. Í þeim eru um 330 nemendur og þar starfa 18 starfsmenn í um 14 stöðugildum.

Í skólum Fjarðabyggðar starfa því samtals um 297 starfsmenn í 250 stöðugildum. Skipt eftir stofnunum er gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda nemenda, starfsmanna og stöðugildum:

- Á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar starfar einn starfsmaður í einu stöðugildi.
- Í leikskólanum Eyrarvöllum á Norðfirði er gert ráð fyrir um 103 nemendum á vorönn og um 90 á haustönn. Í skólanum starfa 33 starfsmenn í um 27 stöðugildum.
- Í leikskólanum Dalborg á Eskifirði er gert ráð fyrir um 78 nemendum á vorönn og um 73 á haustönn. Í skólanum starfa 25 starfsmenn í um 21 stöðugildi.
- Í leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði er gert ráð fyrir um 105 nemendum á vorönn og 95 nemendum á haustönn. Í skólanum starfa 33 starfsmenn í um 30 stöðugildum.
- Í leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði er gert ráð fyrir um 46 nemendum á vorönn og 38 nemendum á haustönn. Í skólanum starfa 13 starfsmenn í um 12 stöðugildum.
- Í skólamötuneyti Fáskrúðsfjarðar starfa 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.
- Í Breiðdals og Stöðvarfjarðarskóla er gert ráð fyrir um 20 leikskólanemendum og um 31 grunnskólanemanda. Gert er ráð fyrir að um 12 nemendur nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 19 starfsmenn í um 16 stöðugildum.


- Í Nesskóla er gert ráð fyrir um 226 nemendum á vorönn og 230 á haustönn. Gert er ráð fyrir að um 66 nemendur nýti sér þjónustu frístundarheimilis. Í skólanum starfa 50 starfsmenn í um 42 stöðugildum.
- Í Eskifjarðarskóla er gert ráð fyrir um 151 nemanda á vorönn og 158 á haustönn. Gert er ráð fyrir að um 32 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 37 starfsmenn í um 30 stöðugildi.
- Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er gert ráð fyrir um 201 nemanda á vorönn og 204 á haustönn. Gert er ráð fyrir að 51 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfar 39 starfsmenn í um 36 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er gert ráð fyrir um 89 nemendum á vorönn og 97 á haustönn. Gert er ráð fyrir að um 25 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 28 starfsmenn í um 23 stöðugildi.
- Í Tónskóla Neskaupstaðar eru um 108 nemendur og þar starfa 7 starfsmenn í tæpum 4,8 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar eru um 133 nemendur og þar starfa 6 starfsmenn í 5,1 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar eru um 90 nemendur og þar starfa 5 starfsmenn í um 3,8 stöðugildum.



## 5.1. Leikskólar




Inna starf leikskólanna verður í anda fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar með áherslu á lærdómssamfélagið og snemmtæka íhlutun. Leikskólar Fjarðabyggðar vinna m.a. við að innleiða handbók í Snemmtækri íhlutun, með áherslu á málproska og læsi sem unnin var skólaárið 2019-2020 í samvinnu við Menntamálastofnun og Skólaskrifstofu Austurlands. Einnig verður unnið að eflingu tónlistarnáms innan leikskólanna þar sem höfð er til hliðsjónar handbók í tónlist sem var afrakstur af þróunarverkefni sem unnið var að á síðasta skólaári. Aukin áhersla verður á skólastarf í anda sjálfbærni m.a. gróðursetningu plantna, matjurtargarða, plokk og hreinsun strandlengju. Samstarf milli skóla verður aukið með notkun tækninnar, teams og zoom fundir milli faghópa og skoðaðir möguleikar á fjarkennslu þvert á byggðarkjarna. Breyting verði á stoðþjónustunni með innleiðingu á Spretti, Austurlandslíkaninu, en það er samstarfsvettvangur sérfræðinga frá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, Skólaskrifstofu Austurlands og HSA. Um er að ræða þverfaglegt samstarf og nærfjónustu, sem veitt verður í öllum byggðarkjörnum í húsnæði leik- og grunnskólanna í Fjarðabyggð. Sérstök áhersla verður lögð á starfsþróun í leikskólum. Við úthlutun á tímamagni er gengið út frá samþykktum úthlutunarreglum, en þar er gert ráð fyrir auknum tíma í afleysingar og undirbúning svo styrkja megi stöðu leikskólans og efla þar faglegt starf. Skipulagsdagar leikskóla verða sex á ári og sumarlokun verður áfram fjórar vikur eða 20 virkir dagar. Starfsmannafundir í leikskólum, fundartími utan opnunartíma leikskóla, verða áfram tvær klukkustundir á mánuði, en á einum starfsdegi verður starfsmannafundur færður inn á dagvinnutíma. Foreldrar munu líkt og undanfarin sumur geta tekið börnin sín í 4, 6 eða 8 vikna langt sumarfrí og gjöld felld niður þann tíma. Sumarfríð þarf ekki að vera samfellt en þarf að vera innan tímabilsins frá 15. maí til 15. september. Sumarlokun leikskólanna verður stillt af þannig að sumarlokun skólanna fimm spanni í það minnsta tvo mánuði sumarsins. Gert er ráð fyrir u.þ.b. 350 börnum í leikskólum Fjarðabyggðar þegar flest er árið 2021. Áfram er gert ráð fyrir leikskóladeild innan Eskifjarðarskóla undir stjórn leikskólustjóra. Gert er ráð fyrir 2,4% hækkun á gjaldskrá í leikskólum fyrir utan hádegisverð sem verður gjaldfrjáls frá og með 1. ágúst 2021.




## 5.2. Grunnskólar

Við úthlutun á tímamagni til grunnskóla og frístundaheimila er gengið út frá gildandi úthlutunarreglum. Innra starf skólanna verður í anda fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar, þar sem áhersla er lögð á lærdómssamfélagið og snemmtæka íhlutun. Meðal verkefna sem unnið verður að er upplýsingatækni og teymiskennsla, sem unnin verða í samráði við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Aukin áhersla verður á skólastarf í anda sjálfbærni m.a. gróðursetningu plantna, matjurtargarða, plokk og hreinsun strandlengju. Samstarf milli skóla verður aukið með notkun tækninnar, teams og zoom fundir milli faghópa og skoðaðir möguleikar á fjarkennslu þvert á byggðarkjarna. Breyting verði á stoðþjónustunni með innleiðingu á Spretti, Austurlandslíkaninu, en það er samstarfsvettvangur sérfræðinga frá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, Skólaskrifstofu Austurlands og HSA. Um er að ræða þverfaglegt samstarf og nærþjónustu, sem veitt verður í öllum byggðarkjörnum í húsnæði leik- og grunnskólanna í Fjarðabyggð. Unnið verður að því að styrkja skapandi nám í tengslum við Menningarstofu Fjarðabyggðar og áfram unnið að eflingu verklegs náms sem og læsis og stærðfræðináms nemenda. Árið 2020 var endurnýjaður tölvubúnaðar starfsmann grunnskólanna sem auðveldar frampróun kennsluhátta í skólunum. Boðið verður upp á frístund á einum starfsdegi grunnskóla haustið 2021. Gert er ráð fyrir um 700 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar vorið 2021 og 720 nemendum að hausti. Skólamáltíðir nemenda verða gjaldfrjálsar frá og með 1. ágúst 2021 og gjaldskrá frístundaheimila hækkar um 2,4%.



### 5.3. Tónskólar

Í tónlistarskólum Fjarðabyggðar er stefnt að því að bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám sem fullnægi þörfum sem flestra bæjarbúa. Fjöldi nemenda í tónlistarskólum Fjarðabyggðar er svipaður og síðasta ár. Tónlistarskólarnir munu halda áfram samstarfi í tengslum við samspil nemenda og þátttöku í sveita- og landsmótum. Einnig verða skólarnir í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Austurlands. Gert er ráð fyrir 2,4 % hækkun á gjaldskrá í tónlistarskólum.



## 6. Æskulýðs- og íþróttamál




Undir íþrótt- og tómstundamál falla málefni tómstunda- og íþróttamiðstöðva.

Félagsmiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru sex og staðsettar í byggðarkjörnum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur. Félagsmiðstöðvarnar starfa 9 mánuði ársins frá september til maí.

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins og þeim tilheyra sex íþróttahús í byggðarkjörnum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur, fjórar útisundlaugar á Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, innisundlaug á Fáskrúðfirði, kennslulaug á Reyðarfirði, Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði, Fjarðabyggðahöllin og íþróttavellir.

Í félags- og íþróttamiðstöðvum Fjarðabyggðar starfa um 40-50 starfsmenn árstíðabundið í um 30 stöðugildum.





Leitast verður við að halda uppi góðri þjónustu fyrir börn og unglunga sem og fjölskyldur í íþrótt- og félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar. Áfram verður öllum börnum og eldri borgurum í Fjarðabyggð gefins árskort í sundlaugar Fjarðabyggðar árið 2021, en það er liður í að gera Fjarðabyggð að enn fjölskylduvænna sveitarfélagi og á sama tíma að nýta betur glæsileg íþróttamannvirki sveitarfélagsins. Gjaldskrár fyrir íþróttamiðstöðvar hækka að meðaltali um 2,4%.

## 6.1. Félagsmiðstöðvar


Fjarðabyggð rekur sex félagsmiðstöðvar: Atóm á Norðfirði, Knelluna á Eskifirði, Zveskjuna á Reyðarfirði, Hellinn á Fáskrúðsfirði, Stöðina á Stöðvarfirði og PríZund í Breiðdal. Saman kallast þær Félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar en undir þeim merkjum eru haldnir sjö sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna eða um einn í hverjum mánuði.

## 6.2. Íþróttamannvirki

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins og þeim tilheyra sex íþróttahús í byggðarkjörnum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur, fjórar útisundlaugar á Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, innisundlaug á Fáskrúðsfirði, kennslulaug á Reyðarfirði, Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði, Fjarðabyggðahöllin og íþróttavellir.

## 6.3. Styrkir og framlög til íþróttamála

Styrkir Fjarðabyggðar til íþróttafélaga skiptist í tvennt: Í fyrsta lagi afnot íþróttamannvirkja og í annan stað beinn styrkur til íþróttafélaga, sem skiptist svo aftur í íþróttastyrki annars vegar og rekstrar- og uppbyggingarstyrki hins vegar. Heildarstyrkir eru áætlaðir 62,0 m.kr. á árinu 2021.



## 7. Menningar- og safnamál



Stjórnsýslu- og þjónustusvið Fjarðabyggðar fer með menningarmál sveitarfélagsins. Undir málaflokkinn falla bókasöfn, skjala- og minjasöfn, félagsheimili og menningarhús, söguritun og varðveisla menningararfs, listaverkæign, bæjarhátíðir ásamt menningar- og listastarfi. Safnastofnun Fjarðabyggðar sér um rekstur safna málaflokksins og Menningarstofa Fjarðabyggðar annast menningar- og listastarf á víðtækum grunni. Starfsemi sviðsins er grundvölluð á menningarstefnu.

### 7.1. Menningarstofa Fjarðabyggðar



Menningarstofu Fjarðabyggðar veitir forstöðu starfsmaður í 1 stöðugildi auk verkefnastjóra í 1 stöðugildi. Menningarstefna sveitarfélagsins er grundvöllur starfs hennar en hún var endurskoðuð á árinu 2019 og er lögð til grundvallar í aðferðarfræði og framkvæmd menningarstarfs. Þá tók stofan við samningi við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um þróun tónlistarstarfs á Austurlandi af Tónlistarmiðstöð í upphafi ársins 2020. Stofan hefur umsjón með fræðaíbúð í Jensenshúsi. Menningarstofa á samstarf við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu ásamt styrkjasjóðum um fjármögnun verkefna á sviðum lista og menningar.

Unnið er eftir verkefnaáætlun sem byggir á aðgerðaráætlun menningarstefnu sem kallar á samhæfingu og samstarf með stofnunum sveitarfélagsins. Þar er sérstaklega horft til samstarfs um skapandi listgreinar og fjölbættar frístundir.

### 7.2. Safnastofnun

Safnastofnun veitir forstöðu starfsmaður í 1 stöðugildi ásamt 8 starfsmönnum í 6,1 stöðugildi. Safnastofnun annast rekstur sex bókasafna sem eru samsteypusöfn almenningsbókasafna og skólabókasafna. Jafnframt annast stofnunin rekstur fimm minjasafna, héraðsskjalasafns og tveggja myndasafna auk umsjónar með rekstri sjóminjasafns. Þá er listaverkæign í umsjón stofnunarinnar.

Unnið er að stefnumörkun safna og verður hún ásamt tillögum að aðgerðum til að efla söfnin lögð fram á árinu til umfjöllunar við fjárhagsáætlunargerð ársins 2022. Áhersla verður lögð á markaðssetningu safna með það að markmiði að auka aðsókn að þeim. Bókasöfn eru gjaldfrjáls sem og minjasöfn íbúum Fjarðabyggðar gegn framvísun handhafa Fjarðabyggðarkortsins. Til skoðunar er framtíðarskipulag skjalasafns sem hýsir skjalsafn Fjarðabyggðar auk Skjalasafns Norðfjarðar.



### 7.3. Félagsheimili og menningarhús

Fjarðabyggð á sex félagsheimili en þau gegna ýmsum hlutverkum. Egilsbúð er frístunda- og félagsmiðstöð fyrir ungmenni og eldri borgara auk þess að sinna hlutverki menningarhúss. Félagslundur verðu nýttur fyrir starfsemi leikskóla og væntanlega einnig fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar frá haustinu 2021. Valhöll og Skrúður eru rekin í samstarfi við hollvinasamtök sem félagsheimili en Samkomuhús Stöðvarfjarðar er nýtt fyrir æskulýðsstarf og upplýsingamiðstöð. Sólbrekka er nýtt að sumri fyrir ferðaþjónustu og samkomuhús að vetri.

### 7.4. Söguritun og menningararfur

Unnið er að ritun sögu Fáskrúðsfjarðar en stefnt er að útgáfu bókar svo fljótt sem auðið er.

## 7.5. Styrkveitingar og framlög

Styrkveitingar verða sambærilegar og á árinu 2020 utan þess að félög um bæjarhátíðir fá aukið framlag sem nemur helming framlags 2020 þar sem þær féllu niður vegna Covid-19 faraldurs.

## 8. Brunamál og almannavarnir

Undir brunamál og almannavarnir falla málefni er varða rekstur slökkviliðs- og sjúkraflutninga í Fjarðabyggð, stýring almannavarna, ofanflóðavarnir og fleira, þ.m.t. stuðningur við björgunarsveitir í Fjarðabyggð.

Heildarútgjöld í málaflokknum eru miðuð við lítt breyttan rekstur á árinu 2020 og frá fyrri árum.

### 8.1. Slökkvilið Fjarðabyggðar

Rekstur slökkviliðs með slökkvistöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Dælubílar eru á öllum stöðum, tankbílar á tveimur stöðvum og körfubíll er á Reyðarfirði.

Staður	Notkun	Árgerð	Dæla	Tankur	Froða	Aldur
Reyðarfjörður	Dælubíll	2000	3.400	3.000	200	20
Reyðarfjörður	Dælubíll	1979	3.600	5.000	500	41
Reyðarfjörður	Dælubíll	2002	3.400	5.000	500	18
Reyðarfjörður	Körfubíll	1991	5.000	-	0	29
Norðfjörður	Dælubíll	2006	4.000	4.000	200	14
Norðfjörður	Dælu- og tankbíll	2013	4.000	11.000	350	7
Fáskrúðsfjörður	Dælubíll	2006	4.000	4.000	200	14
Fáskrúðsfjörður	Tankbíll	1982	1.200	14.000	0	38
Stöðvarfjörður	Dælubíll	1991	2.400	3.000	150	29
Breiðdalsvík	Dælubíll	1986	3.200	5.000	150	34
Reyðarfjörður	Tækja og mannfl	1988				32
Stöðvarfjörður	Tækjabíll	1981				39
Reyðarfjörður	Slökkviliðsstj.	2020				0
Reyðarfjörður	Varðstjórabíll	2020				0
				Meðalaldur slökkvibíla		24,4 ár
				Slökkvibílar yngri en 10 ára		1
				Slökkvibílar eldri en 18 ára		6

Að auki eru í eigu slökkviliðsins fjórir gamlir slökkviliðsbílar (fornbílar) sem ekki teljast til útkallsbifreiða og eru því ekki taldir með í töflunni.

Sjúkraflutningar í Fjarðabyggð með starfsstöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Breiðdalsvík. Slökkviliðið sér einnig um sjúkraflutninga á Djúpavogi. Alls er slökkviliðið með 7 sjúkrabíla í sinni þjónustu.

Staður	Notkun	Árgerð	Aldur
Reyðarfjörður	Sjúkrabíll	2014	6
Reyðarfjörður	Sjúkrabíll	2020	0
Reyðarfjörður	Sjúkrabíll	2001	19
Norðfjörður	Sjúkrabíll	2020	0
Fáskrúðsfjörður	Sjúkrabíll	2008	12
Breiðdalsvík	Sjúkrabíll	2007	13
Djúpivogur	Sjúkrabíll	2015	5
		Meðalaldur sjúkrabíla	7,9 ár
		Sjúkrabílar eldri en 10 ára	3

Hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar eru skráðir 101 slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Þar af eru 17 atvinnumenn í fullu starfi og 89 í hlutastarfi sem slökkviliðsmenn og/eða sjúkraflutningamenn. Hluttur kvenna af heildarliðinu er 16% en hlutfallið er rúm 35% ef einungis er horft til hlutastarfandi sjúkraflutningamanna.

Að auki ber slökkviliðið ábyrgð á u.þ.b. 50 manna hlutastarfandi slökkviliði Alcoa Fjarðaáls og sér um stjórnun þess og þjálfun.

Undir starfsemi slökkviliðs í Fjarðabyggð heyrir viðbragðsþjónusta vegna bruna, eldvarnaeftirlit og forvarnastarfsemi. Sjúkraflutningaþjónusta í Fjarðabyggð og á Djúpavogi. Neyðarflutningar og almennir flutningar m.a. til og frá stofnunum í Fjarðabyggð, flugvöllum í Neskaupstað og á Egilsstöðum.



Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur að leiðarljósi að bæta öryggi og þjónustu við íbúa og vegfarendur, styrkja og efla forvarnir og framkvæma markvisst eldvarnaeftirlit. Stuðla að góðri þjálfun og fræðslu til eigin

starfsmanna, fyrirtækja og almennings. Mikið átak hefur verið gert í að auka menntun sjúkraflutningafólks að undanfögnu og þar hefur náðst góður árangur. Alls eru um 50 starfsmenn sem sinna sjúkraflutningum fyrir slökkviliðið. Af þeim hefur um helmingur lokið eða er um það bil að ljúka við framhaldsnám sjúkraflutninga.

Lögð er áhersla á endurnýjun og viðhald búnaðar þannig að slökkviliðið hafi ávallt til umráða nauðsynlegan búnað og tæki sem uppfyllir nýjustu kröfur. Markmið slökkviliðsins er að stuðla að aukinni samvinnu viðbragðsaðila á Austurlandi, sérstaklega á sviði brunavarna og sjúkraflutninga, og vera í fararbroddi á þeim vettvangi. Nýr dælu- og tankbíll var keyptur 2019 og staðsettur á Norðfirði. Nýr dælubíll verður keyptur á árinu 2021 og verður staðsettur á Reyðarfirði. Báðir þessir bílar eru sér útbúnir til að takast á við bruna í jarðgöngum en eru að öðru leyti vel búnir hefðbundnir slökkvibílar. Eru meðal annars með mikið vatnsmagn en einnig svokallað CAFFS (froðu)kerfi sem eykur slökkvimátt. CAFFS kerfið er mjög fullkomið tölvustýrt froðukerfi og þarfnast mun minna af froðuvökva en önnur kerfi. Þar með eru þeir umhverfisvænni en ella.

## 9. Umhverfis- og skipulagssvið



Innan sviðsins eru eftirtaldir málaflokkar:

Málaflokkur 08 hreinlætismál. (Innan málaflokksins eru heilbrigðiseftirlit og hunda, katta og meindýraeftirlit.) Málaflokkur 09 skipulags- og byggingarmál. Málaflokkur 11 umhverfismál, nánar tiltekið minka- og refaeyðing og málaflokkur 13 atvinnumál, nánar tiltekið landbúnaður.

Megin markmið umhverfis- og skipulagssviðs er að framfylgja almennum sveitarstjórnarlögum, stjórnáskilum, lögum um mannvirki, skipulagslögum, náttúruverndarlögum og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem verkefni sviðsins falla undir og hafa áhrif á athafnir og verkefni íbúa og fyrirtækja og sveitarfélagið sjálft. Þá er markmið sviðsins að framfylgja þeim reglum og samþykktum sem sveitarfélagið sjálft hefur sett sér varðandi umhverfismál, umgengismál, lausafjármuni, gæludýr o.fl. Einnig er markmið sviðsins að fylgja eftir þeim áherslum sem bæjarstjórn setur sér á hverjum tíma og fellur undir starfsvið og verkefni umhverfis- og skipulagssviðs.

Á sviðinu eru þrjú stöðugildi. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, þjónustufulltrúi skipulags- og byggingarmála og umhverfisstjóri eru með starfstöð á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar á Reyðarfirði.

Helstu verkefni

- Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ásamt þjónustufulltrúa skipulags- og byggingarmála og umhverfisstjóra fylgja eftir aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins, annast aðal- og deiliskipulagsgerð og útgáfu leyfisveitinga á sviði skipulags-, byggingar- og umhverfismála.
- Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs er starfsmaður eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar. Undir nefndina heyra málefni umhverfis- og skipulagssviðs og framkvæmdasviðs. Reglulegir fundir eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd eru hálfsmánaðarlega allt árið. Umhverfisstjóri er starfsmaður landbúnaðarnefndar. Landbúnaðarnefnd fundar þegar erindi liggja fyrir nefndinni.
- Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ásamt umhverfisstjóra fylgja eftir og annast dýraeftirlit, heilbrigðiseftirlit, landbúnaðarmál og umsjón með refa- og minkaveiðum.



## 9.1. Skipulags- og byggingarmál

Í samræmi við samþykkt eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarstjórnar er gert ráð fyrir endurskoðun á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

Gerð fyrsta áfanga endurskoðunar vegna gerðar skipulagslýsingar og forsendugreiningar og öðrum áfanga, vegna frekari greiningar og frumdaga að stefnu er lokið og hefur tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi verið kynnt á vinnslustigi. Þá er gert ráð fyrir að þriðja og síðasta áfanga, vegna fullvinnslu tillögu, auglýsingar og afgreiðslu ljúki í mars 2021.

Nánar um ferli aðalskipulags.

# AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er gert fyrir hvert sveitarfélag. Þar kemur fram stefna sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.

	TÍMI	ÚRVINNSLA
ÁKVÖRDUN UM GERÐ AÐALSKIPULAGS		<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn tekur ákvörðun um að vinna aðalskipulagstillögu.</li></ul>
LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNINU		<ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsnefnd vinnur að lýsingu á skipulagsverkefninu, þ.m.t. umfangi og áherslum í umhverfismati.</li><li>Sveitarstjórn leitar umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsingu og kynnir hana fyrir almenningi.</li></ul>
KYNNING Á SKIPULAGSTILLÖGU		<p>Sveitarstjórn kynnir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>aðliggjandi sveitarfélögum, svæðisskipulagsnefnd þar sem hún starfar og öðrum hagsmunaaðilum á fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti.</li></ul>
AFGREIDSLA SKIPULAGSTILLÖGU TIL AUGLÝSINGAR	4 VIKUR	<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn samþykkir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu með formlegum hætti.</li><li>Sveitarstjórn sendir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu til Skipulagsstofnunar til athugunar.</li><li>Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir til sveitarstjórnar innan 4 vikna skal sveitarstjórn auglýsa tillöguna óbreytta.</li></ul>
AUGLÝSING SKIPULAGSTILLÖGU OG UMHVERFISSKÝRSLU	6 VIKUR	<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn auglýsir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem er gefið út á landsvisu.</li><li>Auglýsingartími er að lágmarki 6 vikur. Skipulagsgögn skulu liggja frammi hjá sveitarfélaginu og Skipulagsstofnun auk þess að vera aðgengileg á netinu.</li><li>Sveitarstjórn sendir Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum skipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum.<sup>1</sup></li><li>Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir og skal tilgreint í auglýsingu innan hvaða tímamarka og hvert skal senda athugasemdir.</li></ul>
AFGREIDSLA EFTIR AUGLÝSINGU	12 VIKUR	<ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsnefnd fjallar um framkomnar athugasemdir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu.</li><li>Sveitarstjórn fjallar um málið og tekur afstöðu til afgreiðslu skipulagsnefndar og hvort gera þurfi breytingar á tillögunni. Eftir afgreiðslu þarf að liggja fyrir greinargerð með rökstuðningi fyrir endanlegri afgreiðslu, þ.e. hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felid inn í skipulagsáætlun og brugðist var við athugasemdum. Vöktunaráætlun þarf að fylgja áætlun þegar hún á við.</li><li>Sveitarstjórn sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær. Jafnframt er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.</li><li>Sveitarstjórn sendir samþykkt aðalskipulag til Skipulagsstofnunar innan 12 vikna frá því frestur til að skila athugasemdum rann út.</li></ul>
STADFESTING SKIPULAGSSTOFNUNAR OG GILDISTAKA AÐALSKIPULAGS	4 VIKUR	<ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsstofnun skal innan 4 vikna frá því að aðalskipulag berst henni staðfesta aðalskipulagið og birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</li><li>Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingu skal hún senda tillögu um það til ákvörðunar umhverfisráðherra ásamt rökstuðningi.</li><li>Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.</li></ul>
ENDURSKOÐUN		<ul style="list-style-type: none"><li>Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið, m.a. með hliðsjón af landsskipulagsstefnu.</li><li>Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.</li></ul>

Samhliða verklokum á endurskoðun á aðalskipulagi er gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við útfærslu og deiliskipulagsgerð vegna miðbæjarsvæða á Eskifirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Gert er ráð fyrir deiliskipulagsgerð í tengslum við ofanflóðavarnir í Grjótá í Eskifirði og vegna ofanflóðavarna við Nesgil og Bakkagil á Norðfirði. Þá verði unnið að því að afmarka og deiliskipuleggja þau svæði innan þéttbýla sem enn eru ódeiliskipulögð.

Áfram verður unnið að rafrænum byggingarleyfisumsóknum og úrvinnslu þeirra með OneLandRobot og hugbúnaði og úttektarappi frá OneSystem. Yfirferð allra hönnunargagna og öryggis- og lokaúttektir verður í samræmi við skoðunarhandbækur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þá verði stefnt að því að innleiða rafrænar undirskriftir allra hönnunargagna þannig að teikningar og öll önnur gögn vegna byggingarmála verði rafræn og notkun pappírs muni þá heyrast sögunni til.

Undanfarin ár hefur umhverfis- og skipulagssvið sótt um styrki til skipulagsvinnu í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna verkefna til að bæta ferðamannastaði í sveitarfélaginu. Þessu verður haldið áfram árið 2021 en nú hjá menningar- og nýsköpunarnefnd og atvinnu- og þróunarstjóra.

## 9.2. Landbúnaðarmál, refa- og minkaveiðing

Reiknað er með að fyrirkomulag vegna landbúnaðarmála og starfa landbúnaðarnefndar verði óbreytt frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir uppsetningu aðhaldsgirðinga við alla þéttbýliskjarna ásamt viðhaldi eldri fjárrétta. Þá verði verklagsreglur vegna nýtingar aðhaldsgirðinga gerðar og kynntar fjáreigendum.

Búið er að gera samning til fjögurra ára við alla veiðimenn sem greitt fá fyrir refa- og minkaveiði sem er breyting frá því fyrirkomulagi sem áður var þegar veiðimenn voru ráðnir til eins árs í senn. Reiknað er með sama fyrirkomulagi og verið hefur vegna refa- og minkaveiði. Veiðitímabil refa- og minkaveiða er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.

## 9.3. Heilbrigðis- og dýraeftirlit

Innan málaflokks heilbrigðismála er vegna heilbrigðiseftirlits gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og verið hefur.

Reiknað er með sama fyrirkomulagi og verið hefur vegna dýraeftirlits. Ormalyfsgjöf er með þeim hætti að dýralæknir verður einu sinni til staðar í hverjum þéttbýliskjarna fyrir sig. Gæludýraeigendur geta sótt þjónustuna hvar sem þeim hentar auk þess að hitta dýralækninn á sinni starfsstöð. Aðstaða vegna fangaðra hunda og katta er nú til staðar í húsnæði Fjarðabyggðar.

## 9.4. Umhverfismál

Unnið hefur verið að gerð umhverfisstefnu Fjarðabyggðar sem gert er ráð fyrir að klárast á 2021. Gert er ráð fyrir eftirfylgni umhverfismála sbr. framkvæmdaáætlun umhverfisstjóra sem kynnt hefur verið í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og bæjarráði. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hreinsun brotmálma í dreifbýli og þéttbýli, bíla án númera, lausafjármuna (gáma) og umgengni í samræmi við samþykkt um þrifnað utan húss í Fjarðabyggð.

## 10. Framkvæmdasvið



Undir framkvæmdasvið heyrir verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar auk reksturs og umsjón fasteigna, opinna svæða, garðyrkja og viðhald gatna. Framkvæmdasvið ber ábyrgð á veitustarfsemi Fjarðabyggðar sem eru fráveita, vatnsveita og hitaveita. Einnig heyrir undir sviðið umsjón sumarstarfa, sorpmiðstöð Fjarðabyggðar og dagleg starfsemi á höfnum Fjarðabyggðar.

Starfsmenn framkvæmdasviðs eru alls 28 á 7 starfsstöðvum. Á skrifstofu eru 4 starfsmenn, í þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvum sem eru staðsettar á Mjóafirði, Norðfirði, Eskafirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík eru 24 starfsmenn.

Á skrifstofu eru sviðstjóri, verkefnastjóri á framkvæmdasviði, verkefnastjóri umhverfismála og verkefnastjóri hafna. Hafnarstarfsemi heyrir undir framkvæmdasvið Fjarðabyggðar

Helstu verkefni framkvæmdasviðs eru Rekstur fasteigna Fjarðabyggðar, umsjón með áætlunargerð, halda utan um viðhald og nýframkvæmdir. Rekstur Sorpmiðstöðvar, samningar við verktaka, kynningar og eftirlit. Rekstur gatnakerfis, viðhald og nýframkvæmdir.

Rekstur umhverfismála, en til þeirra telst umsjón vinnuskóla, sumarvinnu og umhirða opinna svæða.

Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð og tækjamiðstöð heyrir undir rekstur sviðsins og starfa báðar deildir þvert á allan annan rekstur sviðsins, ásamt því að þjónusta aðra málaflokka Fjarðabyggðar.

Umsjón og eftirlit með öllum verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og Fjarðabyggðarhafna, jafnt í A-hluta sem og B-hluta

Framkvæmdasvið starfar með eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og eru reglulegir fundir nefndarinnar hálf mánaðarlega.

Helstu verkefni á árinu 2021 verða að byggja nýtt íþróttahús á Reyðarfirði sem er stórt og glæsilegt hús, viðgerð á sundlauginni á Reyðarfirði, hönnun á viðbyggingu við leikskólann Dalborg á Eskafirði og upphaf framkvæmda við hana.

### 10.1. Veitur Fjarðabyggðar

Framkvæmdasvið sér um vatnsveitur og fráveitur í öllu sveitarfélaginu og hitaveitu á Eskafirði. Auk þess sér sviðið um fjarvarmaveitu á Norðfirði og Reyðarfirði.

Innleiða á gæðakerfi fyrir vatnsveitu Fjarðabyggðar og er stefnt að því að innleiða gæðakerfið á fyrri hluta ársins 2021. Verkferlar verða innleiddir fyrir veituna á árinu 2021 og gæða- og öryggiskerfi innleidd eins og kostur er.

Fjargæsla er nú fyrir vatnsveiturnar í Neskaupstað, á Eskifirði og Reyðarfirði. Stefnt er að því að taka í notkun fjargæslu á Fáskrúðsfirði bæði til vöktunar og stýringa. Verið er að byggja nýjan vatnstank á Fáskrúðsfirði og með tilkomu hans verður kerfið verður vöktun komið á kerfið og öll stýring betri.

Stefnt er að því að fjarvarmaveita á Reyðarfirði og í Neskaupstað verða tengdar við fjargæslukerfi til að tryggja öryggi notenda veitanna m.t.t. rekstraröryggis, áreiðanleika og ástand búnaðar.

Gagnaöflun verður eflað og skráning lagnaleiða og búnaðar lagfærð. Allar nýja lagnir og endurnýjun lagna verður hnitsett og skráð í gagnagrunn. Jafnframt verða tímamælingar auknar og færðar í gagnagrunnskerfi til að auka upplýsingar um rekstrarstöðu veitnanna.

Helstu verkefni í veitum á árinu 2021 verða að ljúka við framkvæmdir á nýjum vatnstanki í Fannardal.

## 11. Stjórnsýsla og fjármál



### 11.1. Almennt um stjórnsýslu- og þjónustusvið

Sviðið er stoðsvið sem veitir þjónustu þvert á fagsvið sveitarfélagsins. Í þjónustu felst m.a. ráðgjöf til stjórnenda í þeim málum sem falla undir sviðið. Sviðið er ábyrgt fyrir almennri þjónustu bæjarskrifstofu, stjórnsýslu og skjalamálum, gæðamálum, mannauðs- og kjaramálum, upplýsingatæknimálum, markaðs- og kynningarmálum, menningar- og safnamálum, atvinnu- og ferðamálum þar með töldum tjaldsvæðum og áfangastöðum ferðamanna auk ýmissa þróunarmála. Þá annast sviðið undirbúning funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og menningar- og nýsköpunarnefndar, framkvæmd funda og afgreiðslu mála ásamt kosningum.

Sviðinu veitir forstöðu bæjarritari en það er skipað að auki 8 starfsmönnum í 8 stöðugildum sem vinna saman í þremur teyllum, stjórnsýslu- og þjónustuteymi, mannauðs og kjarateymi, upplýsinga-, atvinnu- og menningarteymi

### 11.2. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta

Unnið er að skilvirkni og góðri þjónustu sveitarfélagsins. Reglur og ferlar er endurskoðaðir reglubundið með það að markmiði að þeir endurspegli starfshætti og stjórnsýslu sem tryggja skilvirkni hennar. Mat er lagt á flæði hinna ýmsu mála í gegnum stjórnsýsluna, embætti og ólíkar nefndir með það að leiðarljósi að hraða afgreiðslu mála og meta hvort þau hafi verið afgreidd rétt innan eðlilegra tímamarka.

### 11.3. Mannauðs- og kjaramál

Unnið verður að eflingu mannauðs sveitarfélagsins og tryggt að allt umhald og skipulag starfsmannamála sé samræmt og byggi á mannauðsstefnu, reglum og ferlum. Áfram verður lögð áhersla á stuðning við stjórnendur og starfsfólk með það að markmiði að auka starfsánægju. Unnið verður með niðurstöður árlegs mats á árangri stofnana og stjórnenda til að auka helgun og hollustu ásamt því að vinna að bættri liðsheild með aukinni notkun gagnvirkra miðla og aukinni tengingu á milli stofnanna.

## 11.4. Upplýsingatæknimál og persónuvernd

Starfsemi sveitarfélagsins verður þróuð að stafrænum lausnum þar sem upplýsingatækni er nýtt til hagsbóta fyrir stjórnendur, starfsmenn og viðskiptavinum. Upplýsingamiðlun verði eflað til að auðvelda stjórnendum að fylgjast með rekstri stofnana sinna og almennri frammistöðu. Í upplýsingatækni er stuðlað að öryggi og skilvirkni í rekstri tölvukerfa og tryggt að þau taki mið af kröfum um persónuvernd.

## 11.5. Upplýsinga- og kynningarmál

Unnið verði í að skapa jákvæða og sterka ímynd sveitarfélagsins sem aðlaðandi og sterks samfélags sem þekkt sé fyrir gæði og öryggi. Sérstaklega sé hugað að orðspori og ímynd þess. Leitast verði við að veita íbúum sem gleggstar upplýsingar um þjónustu Fjarðabyggðar og kynna sveitarfélagið sem spennandi valkost fyrir búsetu.

## 11.6. Atvinnu- og þróunarmál

Í atvinnumálum verði Fjarðabyggð leiðandi í atvinnulífi á Austurlandi. Unnið verði að því að marka stefnu í atvinnumálum í Fjarðabyggða og styðja við framþróun og nýsköpun. Með nýrri ferðamálastefnu er lagðar til aðgerðir sem unnið verði að á árinu og þeim stýrir forgangsriðun. Efling almenningsamgangna er mikilvægur þáttur í því að gera Fjarðabyggð að einu atvinnusvæði og nýta innviði þess sem best. Gera þarf fólki kleift að sækja vinnu á milli byggðakjarna án vandræða. Byggðakjarnar Fjarðabyggðar eru misvel settir hvað varðar atvinnu og tækifæri til framþróunar. Gæta þarf að stöðu jaðarbyggða í Fjarðabyggð og hlúa að þeim eins og kostur er m.a. með stuðningi við atvinnuþróun og nýsköpun.

## 11.7. Fjármálasvið

Fjármálasvið er stoðsvið eða þjónustusvið við önnur svið og stofnanir Fjarðabyggðar. Á fjármálasvið starfa auk sviðsstjóra, aðalbókari, bókarari, gjaldkerari, innheimtufulltrúi og sérfræðingar í 7 stöðugildum.


Markmið fjármálateymis er að efla upplýsingamiðlun til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsmanna, viðskiptavina og íbúa er varðar fjárhags- og rekstrarleg málefni sveitarfélagsins og leita leiða til að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna sveitarfélagsins. Verkefni fjármálasviðs eru m.a. áætlunargerð og gerð fjárhagsyfirlita og ársreiknings, skráningar og umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi, upplýsingagjöf um rekstur Fjarðabyggðar, stofnana og deilda, greiðsla reikninga, reikningagerð, innheimta krafna, fjármálaumsýsla, innkaupamál og fleira.

Á árinu verður unnið sérstaklega að bættum ferlum og sjálfvirkni við móttöku reikninga og markvissari ferlum og aðferðum við innkaup frá birgjum.



## 12. Fjarðabyggðahafnir




Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum Fjarðabyggðarhafna. Fjarðabyggðarhafnir telja átta hafnir og eru þær eftirfarandi; Breiðdalsvíkurhöfn, Stöðvarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Mjóeyrarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn.









## 12.1. Almennt um Hafnarsjóð Fjarðabyggðar

Hlutverk Fjarðabyggðarhafna er að þjónusta fyrirtæki með hafntengda starfsemi í samræmi við gildandi hafnalög. Fjarðabyggðarhafnir sjá um að þjónusta öll skip sem koma að höfnum Fjarðabyggðar, samskipti við þau eða umboðsaðila þeirra, framkvæmd hafnsögu, aðstoð með dráttarbát, vigtun sjávarfangs o.fl. Fjarðabyggðarhafnir hafa einnig eftirlit með siglingavernd á hafnarsvæðunum og samskipti við fyrirtæki og stofnanir.

Á Fjarðabyggðarhöfnum starfar verkstjóri, skipstjórar, vélstjórar, hafnsögumenn og hafnarverðir í 16,5 stöðugildum. Auk þess koma inn afleysingamenn á dráttarbátinn þegar á þarf að halda.

Mjóeyrarhöfn er inn- og útflutningshöfn en í öðrum höfnum er sjávarútvegur meginuppistaða starfseminnar. Skipafélögin Eimskip og Samskip eru með áætlanasiglingar á Mjóeyrarhöfn, síðan eru önnur skipafélög sem annast inn- og útflutning fyrir Alcoa Fjarðaál í gegnum Mjóeyrarhöfn.

Á árinu 2021 verður áfram unnið við nýju höfnina á Eskafirði í tengslum við uppbyggingu Eskju og halda áfram með áfanga tvö á Mjóeyrarhöfn. Jafnframt verður unnið að því á árinu að skipuleggja endurnýjun stálþila fyrir næstu ár.

## 12.2. Hafnarþjónusta

Sólarhringsvakt er á Fjarðabyggðarhöfnum allt árið um kring. Starfsmenn hafnarinnar sjá um að veita hafnsögu- og dráttarbátþjónustu, en daglega sinna þeir tilfallandi stöfum á sinni starfsstöð.

Hafnir landsins starfa samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð um hafnamál nr. 326/2004 en enn fremur er sérstök hafnareglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir.

## 13. Rekstrarreikningur Fjarðabyggðar 2021

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021	Rauntölur 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Tekjur:</b>						
Skatttekjur.....	4.022.225	4.153.859	4.180.661	4.001.833	4.131.995	4.162.104
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.384.853	1.114.810	1.127.499	1.384.853	1.114.810	1.127.499
Aðrar tekjur.....	823.972	1.076.643	950.122	3.084.094	3.657.879	2.657.679
	<u>6.231.050</u>	<u>6.345.312</u>	<u>6.258.282</u>	<u>8.470.780</u>	<u>8.904.683</u>	<u>7.947.281</u>
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	3.614.984	3.989.826	4.055.636	4.316.819	4.736.547	4.501.273
Annar rekstrarkostnaður.....	1.960.169	2.035.977	1.676.795	2.689.445	2.640.578	2.243.965
Afskriftir.....	265.597	241.179	281.851	550.996	525.302	591.133
	<u>5.840.750</u>	<u>6.266.981</u>	<u>6.014.281</u>	<u>7.557.260</u>	<u>7.902.427</u>	<u>7.336.371</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	<u>390.300</u>	<u>78.331</u>	<u>244.001</u>	<u>913.520</u>	<u>1.002.257</u>	<u>610.910</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	22.580	22.878	23.167	34.255	101.475	25.130
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	216.784	26.472	31.578	0	( 0 )	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 280.732 )	( 190.861 )	( 187.021 )	( 375.344 )	( 302.810 )	( 292.700 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	( 282.385 )	( 96.056 )	( 105.239 )	0	( 0 )	0
Gengismunur.....	5	506.865	4.409	7.126	0	0
	<u>( 323.748 )</u>	<u>269.298</u>	<u>( 233.107 )</u>	<u>( 333.963 )</u>	<u>( 201.335 )</u>	<u>( 267.570 )</u>
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	<u>66.552</u>	<u>347.629</u>	<u>10.895</u>	<u>579.557</u>	<u>800.922</u>	<u>343.340</u>
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	25.788	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	( 25.791 )	( 160.000 )	0
Rekstrarniðurstaða.....	<u>66.552</u>	<u>347.629</u>	<u>10.895</u>	<u>579.554</u>	<u>640.922</u>	<u>343.340</u>

## 14. Efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2021

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2019	2020	2021	2019	2020	2021
<b>Efnahagsreikningur</b>						
<b>Eignir</b>						
<b>Fastafjármunir:</b>						
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>						
Fasteignir .....	7.395.221	7.595.584	7.863.107	7.735.922	7.920.324	8.103.109
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	623.619	654.023	687.882	5.342.137	5.703.197	5.929.940
Vélar, áhöld og tæki .....	145.543	150.859	160.028	199.664	202.714	211.986
Leigueignir .....	31.320	24.434	17.532	32.217	24.434	17.532
	<u>8.195.703</u>	<u>8.424.899</u>	<u>8.728.549</u>	<u>13.309.940</u>	<u>13.850.668</u>	<u>14.262.567</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>						
Eignahlutir í félögum .....	471.631	450.656	450.656	584.955	507.924	507.924
Skatteign .....	0	0	0	7.578	7.578	7.578
Langtímakröfur .....	270.180	247.644	236.035	311.658	286.068	272.931
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	201.197	190.019	178.378	0 ( 0 )	0	0
	<u>943.008</u>	<u>888.319</u>	<u>865.070</u>	<u>904.191</u>	<u>801.570</u>	<u>788.433</u>
Fastafjármunir	<u>9.138.711</u>	<u>9.313.219</u>	<u>9.593.618</u>	<u>14.214.131</u>	<u>14.652.238</u>	<u>15.051.000</u>
<b>Veltufjármunir:</b>						
Birgðir .....	0	0	0	9.728	8.848	6.150
<b>Skammtímakröfur:</b>						
Óinnheimtar tekjur .....	539.899	539.899	539.899	792.164	767.065	758.909
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	168.284	325.275	438.301	0 ( 0 )	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	55.816	55.816	55.816	64.137	58.423	57.581
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	643	11.674	11.709	643	13.201	13.236
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki .....	15.434	16.342	16.783	0	0	0
Handbært fé .....	119.715	884.975	402.512	132.262	884.975	402.512
Veltufjármunir	<u>899.791</u>	<u>1.833.981</u>	<u>1.465.020</u>	<u>998.934</u>	<u>1.732.512</u>	<u>1.238.388</u>
Eignir samtals	<u>10.038.502</u>	<u>11.147.200</u>	<u>11.058.638</u>	<u>15.213.065</u>	<u>16.384.750</u>	<u>16.289.389</u>

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2019	2020	2021	2019	2020	2021
31. desember						
<b>Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eiginfjárreikningar:</b>						
Eigið fé.....	976.915	1.324.544	1.335.438	5.872.044	6.482.602	6.825.942
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0	0	0
	<u>976.915</u>	<u>1.324.544</u>	<u>1.335.438</u>	<u>5.872.044</u>	<u>6.482.602</u>	<u>6.825.942</u>
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar.....	2.445.070	2.520.727	2.596.772	2.596.550	2.665.155	2.742.423
Tekjuskattskuldbinding.....	0	0	0	3.336	0	0
Aðrar skuldbindingar.....	4.784	4.021	3.258	4.784	4.021	3.258
	<u>2.449.854</u>	<u>2.524.748</u>	<u>2.600.030</u>	<u>2.604.670</u>	<u>2.669.176</u>	<u>2.745.681</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir.....	3.263.654	3.444.495	3.302.801	5.028.038	5.327.488	5.066.159
Leiguskuldir.....	31.874	35.313	29.055	31.874	35.313	29.055
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	( 0 )	0
	<u>3.295.528</u>	<u>3.479.808</u>	<u>3.331.856</u>	<u>5.059.912</u>	<u>5.362.801</u>	<u>5.095.214</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skammtímaskuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	9.827	9.827	0
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki.....	1.989.397	2.279.764	2.397.531	( 0 )	( 0 )	( 0 )
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	361.257	353.616	369.062	541.255	506.906	528.063
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	9.308	0	0	11.972	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	956.243	1.116.243	956.243	1.113.385	1.263.098	1.004.148
	<u>3.316.205</u>	<u>3.818.100</u>	<u>3.791.314</u>	<u>1.676.439</u>	<u>1.870.172</u>	<u>1.622.551</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>9.061.587</u>	<u>9.822.656</u>	<u>9.723.200</u>	<u>9.341.021</u>	<u>9.902.149</u>	<u>9.463.447</u>
Eigið fé og skuldir samtals	10.038.502	11.147.200	11.058.638	15.213.065	16.384.750	16.289.389

## 15. Sjóðsstreymisyfirlit Fjarðabyggðar 2021

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2019	2020	2021	2019	2020	2021
<b>Sjóðsstreymisyfirlit</b>						
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
Niðurstaða ársins.....	66.552	347.629	10.895	579.554	640.922	343.340
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	265.597	241.179	281.851	550.996	525.302	591.133
Verðbætur og gengismunur .....	76.837	67.929	67.778	120.941	119.294	113.431
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga .....	0	0	0	( 25.788 )	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	( 18.942 )	( 20.500 )	0	( 55.010 )	( 482.145 )	( 7.000 )
Tekjuskattur og aðrar breytingar .....	27.980	0	0	6.869	( 3.336 )	0
Breyting á skuldbindingum .....	207.993	160.528	168.554	215.612	166.836	175.169
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	626.017	796.764	529.078	1.393.174	966.872	1.216.074
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun) .....	10.554	0	0	( 1.145 )	880	2.698
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	( 61.039 )	0	0	662	25.099	8.156
Aðrar skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....	( 1.516 )	0	0	( 128 )	5.714	842
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....	131.608	160.000	( 160.000 )	154.817	149.713	( 258.950 )
Afborganir skuldbindinga .....	( 79.581 )	( 85.634 )	( 93.272 )	( 85.151 )	( 98.994 )	( 98.664 )
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	26	74.366	( 253.272 )	69.055	82.412	( 345.918 )
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	626.043	871.130	275.806	1.462.229	1.049.284	870.156
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	( 823.869 )	( 482.400 )	( 585.500 )	(1.438.529 )	(1.235.900 )	(1.076.000 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	46.838	53.500	0	127.615	698.590	79.968
Eignahlutir í félögum, breyting.....	0	0	0	11.053	92	0
Langtímaskuldir, breyting.....	643	11.657	11.691	643	13.184	13.219
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting.....	14.563	32.272	33.159	0	40.462	41.574
Fjárfestingarhreyfingar	( 761.825 )	( 384.972 )	( 540.650 )	(1.299.218 )	( 483.572 )	( 941.239 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	97.669	133.375	4.742	0	( 0 )	( 0 )
Tekin ný langtímalán.....	169.104	928.000	180.000	169.104	1.425.000	180.000
Afborganir langtímalána.....	( 360.730 )	( 834.599 )	( 385.765 )	( 531.932 )	(1.287.878 )	( 539.978 )
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	( 16.152 )	( 16.596 )	( 38.215 )	( 40.462 )	( 41.574 )
Skammtímalán, breyting.....	( 4.794 )	0	0	506	0	( 9.827 )
Fjármögnunarhreyfingar	( 98.751 )	210.624	( 217.619 )	( 400.537 )	96.660	( 411.379 )
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	( 234.533 )	696.783	( 482.462 )	( 237.526 )	662.372	( 482.462 )
Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun .....	354.248	119.715	816.498	369.788	132.262	794.634
Handbært fé (fjárför) í árslok .....	119.715	816.498	334.035	132.262	794.634	312.172

## 16. Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2021

Áætlun ársins 2021																		
	Aðal- sjóður	Eigna- sjóður	Þjónustu- stöð	Tækja-stöð	Eignahalds- Hraun	Millifærslur A-hluta	Samtals A hluti	Félags- ibúðir	Fráveita	Hafnar- sjóður	Hitaveita	Vatnsveita	Rafveita	Sorpstöð	Hjúkrunar- heimili	Samtals A hluti	Millifærslur AB-hluta	Samtals A hluti
<b>Rekstrarreikningur</b>																		
<b>Tekjur:</b>																		
Skatttekjur.....	4.299.302	0	0	0	0	( 118.641 )	4.180.661	0	0	0	0	0	0	0	0	0	( 18.558 )	4.162.104
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.127.499	0	0	0	0	0	1.127.499	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.127.499
Aðrar tekjur.....	1.136.754	1.135.730	85.029	149.203	271.621	( 1.828.216 )	950.122	130.772	152.671	949.715	170.040	252.143	0	130.746	150.264	1.936.351	( 228.794 )	2.657.679
	6.563.555	1.135.730	85.029	149.203	271.621	( 1.946.857 )	6.258.282	130.772	152.671	949.715	170.040	252.143	0	130.746	150.264	1.936.351	( 247.352 )	7.947.281
<b>Gjöld:</b>																		
Laun og launatengd gjöld.....	4.054.997	0	638	0	0	0	4.055.636	0	30.634	240.464	15.330	20.691	0	9.196	129.322	445.638	0	4.501.273
Annar rekstrarkostnaður.....	3.200.288	217.160	56.684	93.684	55.835	( 1.946.857 )	1.676.795	70.174	56.540	374.052	77.256	80.689	0	135.512	20.298	814.522	( 247.352 )	2.243.965
Afskriftir.....	0	187.737	0	24.331	69.783	0	281.851	14.869	19.129	210.357	20.313	43.262	0	1.354	0	309.282	0	591.133
	7.255.286	404.897	57.322	118.015	125.618	( 1.946.857 )	6.014.281	85.042	106.303	824.873	112.899	144.642	0	146.062	149.620	1.569.442	( 247.352 )	7.336.371
Niðurstaða án fjármagnsliða	( 691.730 )	730.833	27.707	31.188	146.003	0	244.001	45.730	46.368	124.842	57.141	107.501	0	( 15.316 )	643	366.909	0	610.910
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>																		
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	23.167	0	0	0	0	0	23.167	0	0	1.963	0	0	0	0	0	1.963	0	25.130
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	162.661	10.007	861	833	22.845	( 165.629 )	31.578	1.134	3.446	83.314	7.259	7.984	5.227	0	1.563	109.928	( 141.506 )	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 45.316 )	( 126.618 )	( 50 )	0	( 15.037 )	0	( 187.021 )	( 29.252 )	( 11.210 )	( 8.906 )	( 20.335 )	( 34.822 )	0	( 511 )	( 643 )	( 105.678 )	0	( 292.700 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	( 139.785 )	( 78.925 )	( 13.223 )	( 11.446 )	( 27.490 )	165.629	( 105.239 )	( 2.497 )	( 10.789 )	( 998 )	0	( 7.453 )	( 5.227 )	( 8.520 )	( 782 )	( 36.267 )	141.506	0
Gengismunur.....	4.409	0	0	0	0	0	4.409	0	0	0	0	0	0	0	( 4.409 )	( 4.409 )	0	0
	5.136	( 195.537 )	( 12.412 )	( 10.613 )	( 19.681 )	0	( 233.107 )	( 30.615 )	( 18.553 )	75.373	( 13.076 )	( 34.291 )	0	( 9.032 )	( 4.271 )	( 34.463 )	( 0 )	( 267.570 )
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	( 686.595 )	535.297	15.295	20.575	126.322	0	10.895	15.115	27.816	200.215	44.065	73.210	0	( 24.348 )	( 3.627 )	332.446	( 0 )	343.340
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	( 686.595 )	535.297	15.295	20.575	126.322	0	10.895	15.115	27.816	200.215	44.065	73.210	0	( 24.348 )	( 3.627 )	332.446	( 0 )	343.340

Áætlun ársins 2021

	Aðal- sjóður	Eigna- sjóður	Þjónustu- stöð	Tækja- stöð	Eignahaldsf. Hraun	Millifærslur A-hluta	Samtals A hluti	Félags- íbúðir	Fráveita	Hafnar- sjóður	Hitaveita	Vatnsveita	Rafveita	Sorpstöð	Hjúkrunar- heimili	Samtals A hluti	Millifærslur AB-hluta	Samtals A hluti
Efnahagsreikningur																		
<b>Eignir</b>																		
<b>Fastafjármunir:</b>																		
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>																		
Fasteignir .....	0	5.791.471	0	0	2.071.636	0	7.863.107	213.221	0	14.576	12.206	0	0	0	0	240.002	0	8.103.109
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	0	687.882	0	0	0	0	687.882	0	358.513	3.926.403	166.267	753.437	0	37.437	0	5.242.058	0	5.929.940
Vélar, áhöld og tæki .....	0	0	0	160.028	0	0	160.028	0	0	51.959	0	0	0	0	0	51.959	0	211.986
Leigugeignir .....	0	17.532	0	0	0	0	17.532	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	17.532
